

FUNDARGERÐ

félagsfundar í Samtökunum '78 – félagi hinsegin fólks á Íslandi

Ár 2016, laugardaginn 9. apríl kl. 14.00 var haldinn félagsfundur í Samtökunum '78 – félagi hinsegin fólks á Íslandi að Hallveigarstíg í Reykjavík. Mættir voru 130 félagsmenn.

Efnisyfirlit

1.	Fundarsetning og skipun fundarstjóra	1
2.	Boðun fundarins	1
3.	Dagskrá	2
	Umræður um dagskrá	3
3.1.	Greidd atkvæði um breytingartillögu	4
3.2.	Greidd atkvæði um tillögu b) um boðun til aukaaðalfundar	4
3.3	Tillaga a) um að greiða atkvæði um það sem fór fram á aðalfundi 5. mars 2016	4
3.4.	Gengið til atkvæða um frávísunartillögu	9
3.5.	Gengið til atkvæða um þá tillögu að kjósa um samþykkt eða synjun þess sem fram fór á aðalfundi	9
3.6	Leynileg atkvæðagreiðsla um það sem fram fór á aðalfundi 5. mars 2016	9
4.	Önnur mál	10
5.	Fundarslit	14

Þetta var gert:

1. Fundarsetning og skipun fundarstjóra

Hilmar Hildar Magnússon formaður setur fundinn og leggur til að Björg Valgeirsdóttir hdl., verði kosin fundarstjóri.

Tillagan er samþykkt með handauppréttingu, mótatkvæðalaust.

Björg Valgeirsdóttir hdl. tekur við stjórnun fundarins og leggur til að Ásta Ósk Hlökkversdóttir verði fundarritari.

Tillagan er samþykkt með handauppréttingu, mótatkvæðalaust.

2. Boðun fundarins

Fundarstjóri greinir frá því að boðið hafi verið til fundarins í samræmi við ákvæði 6.1. Í lögum Samtakanna '78 með tölvupósti á þá félaga Samtakanna '78 sem skráðir séu fyrir móttöku slíkra boða á póstlista Samtakanna '78, miðað við þann 18. mars 2016. Jafnframt hafi fundurinn verið auglýstur á heimasíðu samtakanna þann dag. Þar að auki hefði fundurinn verið auglýstur reglulega á fésbókarsíðu Samtakanna '78 og í útvarpi.

Ekki koma fram athugasemdir um boðun fundarins. Fundarstjóri lýsir því yfir að löglega hafi verið boðað til fundarins og að fundurinn sé lögmætur.

3. Dagskrá

Fundarstjóri útskýrir að um tvo kosti sé að ræða varðandi dagskrá fundarins og hvers vegna. Komið hefðu fram efasemdir um lögmæti aðalfundar Samtakanna '78 þann 5. mars 2016. Við athugun á lögum samtakanna hafi komið í ljós að nauðsynlegt hefði verið að boða til fundarins með bréfpósti. Það hefði ekki verið gert og hafi fundurinn því verið ólögmætur og þar af leiðandi allar ákvarðanir sem teknar voru á honum. Þess vegna hafi stjórn samtakanna ákveðið að boða til þessa fundar hér í dag.

Í lögum Samtakanna '78 komi fram að aðalfundur skuli haldinn í mars ár hvert eftir nánar tilgreindum reglum í 3. gr. laganna. Ekki sé í lögum Samtakanna '78 gert ráð fyrir því að aukaaðalfundur sé haldinn til að tryggja að eðlileg starfsemi geti haldið áfram innan samtakanna komi upp tilvik eins og það sem nú er uppi, að aðalfundur samtakanna og þar af leiðandi allar ákvarðanir hans hafi verið ólögmætar. Engin heildarlöggjöf hafi verið sett um frjáls félagasamtök hér á landi. Hins vegar verði eðli máls samkvæmt að líta svo á að félagasamtök verði að geta haldið samkundu sem fari með æðsta vald í samtökunum á milli aðalfunda til að tryggja áframhaldandi starfsemi.

Í grein 6.1 í lögum Samtakanna '78 komi fram að á milli aðalfunda fari félagsfundur með æðsta vald í félaginu. Í því felist að félagsfundur fari með vald til að ákveða að halda aukaaðalfundi í félaginu á milli aðalfunda í mars ár hvert, þar sem fjallað væri um málefni sem annars heyrðu undir aðalfund. Um boðun á aukaaðalfund, dagskrá hans og svo framvegis færi þá eftir reglum um aðalfundi í samtökunum, sbr. gr. 3 í lögum Samtakanna '78.

Þar sem félagsfundur fari með æðsta vald í Samtökunum '78 á milli aðalfunda hafi stjórn samtakanna ákveðið að boða til þessa fundar hér í dag og gefa fundinum tvo möguleika til að kjósa á milli.

Þannig verði í upphafi valið á milli eftirfarandi dagskrárliða:

- a) Að greiða atkvæði um það sem fram fór á aðalfundi Samtakanna '78 lið fyrir lið í leynilegri atkvæðagreiðslu þannig:
 - i. Staðfesting eða synjun reikninga fyrra árs
 - ii. Staðfesting eða synjun kosningar aðalfundar til stjórnar
 - iii. Staðfesting eða synjun kosningar aðalfundar til trúnaðarráðs
 - iv. Staðfesting eða synjun kosningar til skoðunarmanna reikninga
 - v. Staðfesting eða synjun á kosningu BDSM á Íslandi sem aðildarfélags Samtakanna '78
 - vi. Staðfesting eða synjun á kosningu HIN - Hinsegin Norðurland sem aðildarfélags Samtakanna '78
- b) Boðað yrði til aukaaðalfundar þar sem hefbundin aðalfundarstörf yrðu endurtekin

og atkvæði greidd um aðild BDSM á Íslandi og HIN - Hinsegin Norðurland að samtökunum.

Fundarstjóri gerir grein fyrir því að verði fyrri tillagan samþykkt komi síðari valmöguleikinn ekki til atkvæða.

Opnað er fyrir umræður um tillögur stjórnar og eru fundargestir beðnir um að mynda röð nálægt pontu. Hverjum og einum ræðumanni eru gefnar 5 mínútur til að tjá sitt mál.

Umræður um dagskrá:

Svanfríður Lárusdóttir:

Telur aðeins aðra tillögu stjórnar vera tæka, þ.e. að boða til aukaaðalfundar, þar sem að stjórn samtakanna verði að hafa fullt umboð og hana verði að kjósa á aðalfundi. Hennar mat hafi verið að hluti fundarins væri ólögætur, þar sem að lögum félagsins hefði ekki verið breytt. Hingað til, þegar að nýir hagsmunahópar hefðu komið inn í félagið, hefðu löggin verið opnuð og tilgangi félagsins verið breytt. Það hefði ekki verið gert í þetta skiptið. Seinna hafi lögmaður samtakanna ályktað að allur aðalfundurinn hafi verið ólögætur. Því hafi aðalfundur aldrei farið fram. Svana segist hafa unnið mikið með fundarsköp og lög félaga og hafi fundið tvö dæmi, m.a. frá framhaldsskólakennurum, sem hefðu ekki haft ákvæði um auka-aðalfund í sínum lögum. Fordæmi væru fyrir því að næst æðsta vald, í þessu tilviki þessi fundur hér, gæti boðað til auka aðalfundar. Leggur til að það verði leiðin sem farin verði.

Svanfríður leggur fram eftirfarandi tillögu um breytingu á dagskrá:
“Legg til að gengið verði fyrst til atkvæðagreiðslu um tillögu B.”

Ásthildur Gunnarsdóttir og Kitty Andersson:

Segja lögfræðinginn hafa talið báðar leiðirnar jafn (ó)færar/(ó)löglegar. Telja mikilvægt að það komi fram að kostnaður við að boða auka-aðalfund bréflega sé 250.000 kr.

Reynir Þór Eggertsson:

Segir þennan kostnað hvort sem er koma til á næsta ári.

Álfur Birkir:

Segir að það verði hvort sem er farið í þennan kostnað, en spyr hvort þurfi að gera það tvisvar. Fundurinn hafi svo gott sem verið löglegur og því geti þessi fundur staðfest ákvarðanir hans. Hin leiðin væri að boða til nýs aðalfundar. Hvoruga sé að finna í lögum félagsins. Hvort tveggja væri eitthvað sem þessi fundur væri að gefa sér sjálfvald til.

Svanfríður Lárusdóttir:

Segir að fyrst verði að taka til umræðu tillögu um dagskrárbreytingu, áður en annað sé rætt.

Margrét Sigurðardóttir:

Segir þetta einfaldara heldur en verið sé að þvæla um. Tillagan hefði þurft að koma inn fyrir fundinn. Þessi tillaga komi upp á þessum fundi og að enn sé opið fyrir almenna umræðu. Hún telji sjálf að boða verði auka-aðalfund þar sem aðalfundurinn hafi verið ólöglegur og ekki hægt að gera hann löglegan með því að taka eitthvað úr honum og kjósa um það. Leggur til að fundurinn ákveði að taka aðalfund og þá annað hvort haldi núverandi stjórn velli eða eitthvað

nýtt komi. Segir að eins og Reynir hafi bent á þá þurfi að breyta lögum, hægt væri að senda lagabreytingar fyrir aukaaðalfund.

Fundarstjóri:

Segir að hér sé mælendaskrá um dagskrá og leggur til að hún verði tæmd áður en kosið verði um dagskrána. Bendir á að lög félagsins séu galopin sem setji stjórn í algjöra pattstöðu. Lögin geri í raun ráð fyrir því að samtökin séu óstarfhæf fram til mars á næsta ári nema félagsfundur sem fer með æðsta vald í félaginu á milli félagsfunda taki ákvörðun um næstu skref. Segir að þessi sáttafundur hafi verið lagður til, þar sem engar heimildir séu í lögum Samtakanna til að taka á vandanum, og á honum verði kosið um það sem félagar vildu gera. Eðli málsins samkvæmt verði Samtökin að vera starfhæf á milli aðalfunda.

Margrét Pála:

Segist hafa verið lengi í laganefnd og svo formaður, þekki söguna frá 1985. Einu sinni hafi fundarsköpum verið hnýtt við lögin til þess að forðast deilur um eitthvað sem snerist ekki um raunverulegu deilurnar. Skv. þeim sé dagskrártillaga sé ávallt tekin til umræðu þegar hún komi fram og kosið um hana. Þar að auki að sú tillaga sem gangi lengst sé ávallt borin upp fyrst, sem í þessu tilviki sé að boða annan aðalfund.

Ekki voru fleiri á mælendaskrá.

3.1. Greidd atkvæði um breytingartillögu

Tillaga Svanfríðar um að gengið verði fyrst til atkvæðagreiðslu um tillögu b) borin upp:

Tillagan er samþykkt með handauppréttingu:

Samþykkir: 74

Á móti: 29

3.2. Greidd atkvæði um tillögu b) um boðun til aukaaðalfundar

„Lagt er til að boðað verði til aukaaðalfundar þar sem hefðbundin aðalfundarstörf verða endurtekin og kosið um aðild BDSM á Íslandi og HIN - Hinsegin Norðurland að Samtökunum '78.“

Tillagan er felld með handauppréttingu:

Samþykkir: 60

Á móti: 69

3.3 Tillaga a) um að greiða atkvæði um það sem fór fram á aðalfundi 5. mars 2016

„Lagt er til að kosið verði um það hvort kjósa skuli leynilegri kosningu um samþykkt eða synjun þess sem fram fór á aðalfundi samtakanna þann 5. mars 2016.“

Mælendaskrá opnuð

Hrafnhildur Gunnarsdóttir:

Hrafnhildur segir undarlegt að fundurinn hafi ekki getað valið að taka annan aðalfund þar sem það verði alltaf efast um niðurstöður þessa fundar. Hún styðji persónulega BDSM félagið og þá vitundarvakningu sem þau boði en styðji ekki aðild þeirra að Samtökunum '78 núna vegna tveggja ástæðna.

Í fyrsta lagi vegna þeirrar ólgu sem þessi aðildarumsókn hafi skapað og úrsagna úr félaginu. Það sé nú ekki búið að bíta úr nálinni með það því hún hafi hvatt fólk til að segja sig ekki úr samtökunum strax.

Í öðru lagi telji hún umsókn um inngöngu í félagið stangast á við grein 1.2 í lögum félagsins "1.2 Markmið félagsins er að lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir, asexual, þankynhneigðir, intersex fólk og trans fólk, hér eftir nefnd hinsegin fólk, verði sýnileg og viðurkennd og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi." Hennar mat sé að hinsegin skilgreiningin nái ekki yfir ástandun á BDSM kynlífi eða hneigð sem sé núna að koma út úr skápnum. Umræðan sé komin alltof stutt á veg til að sátt geti verið um þessa aðild. Henni þyki vænt um þessi samtök og viji ekki að þau splundrist.

Hrafnhildur segir vini sína og mentora í málefnum BDSM, Madame Cléo Dubois og Fakir Musafar hafa kennt sér margt um sadó/masó og BDSM. Eitt það fyrsta sem þau hafi lagt áherslu á hafi verið að það væri algjört lykilatriði að virða mörk þeirra sem það stundi, sættast á safe word og gagnkvæma virðingu. Þetta lykilatriði megi yfirfæra á flest í almennum samskiptum. Því miður virðist þetta grundvallaratriði hafa gleymst, fólk hafi ekki þekkt nógu lengi til bera gagnkvæma virðingu, enda sé virðing áunnin. Það gerist ekki yfir eina nótt að bera virðingu fyrir einhverjum hópi sé manni bara sagt það. Í þeirri vegferð sem nú hafi verið farin stefni í það að inn skuli BDSM félagið í Samtökin '78 sama hvernig mótspyrnu það mæti. Slíkt kunni aldrei góðri lukku að stýra.

Hrafnhildur segir að hún hafi þurft að róa mjög marga. Hún heyri það líka að þetta hafi ekki verið ætlunarverk BDSM, að splundra Samtökunum '78. Þegar hún hafi verið formaður Samtakanna '78 hafi trans fólk verið boðið velkomið. Það hafi tekið tveggja ára þrotlausa vinnu við að kynna efnið fyrir félögum í samtökunum. Það hafi verið gert með sýningu kvikmynda, samræðufundum, fyrirlestrum úr háskólanum, akademían hafi þurft að vera með, og birtingu blaðgreina. Enda þegar komið hafi að því að bera málefnið undir hefði það ekki mætt neinni mótspyrnu. Sá viti hvar skóinn kreppi sem sé í honum. Það viti fólk hér inni. Leggur til að á þessari stundu verði aðildarumsóknin dregin til baka í ljósi núverandi ástands og til að skapa sátt um málið.

Margrét Pála:

Segir að hún hefði þegið að sjá meiri mun um það eitt hvernig fundurinn vilji fara með málin í félaginu. Sér þyki 9 atkvæði naumt á 130 manna fundi, þegar rætt sé um hvernig félagar vilji meðhöndla málin. Síðan sé allt annað mál hvernig fundurinn ætli svo að fara að greiða atkvæði. Segir að það þyrfti að vera meiri samheldni. Vinna þurfi að því að finna leiðir í sameiningu á algjörlega óumdeildum vettvangi. Hún vilji gera grein fyrir atkvæði sínu. Hún neiti öllum gjörningum aðalfundar. Sem gamalreyndur formaður viti hún að örlítið meiri samstaða, meiri umhugsun, meiri samræður hafi alltaf skilað meiru en einhverjar aðrar leiðir.

Álfur Birkir:

Segist hafa haldið að félagar væru hér til að ræða hvort þeir ætluðu að kjósa. Spyr hvað gerist ef fundurinn fellir þá tillögu að kjósa?

Fundarstjóri:

Segir að ef ekki verði kosið um samþykktir síðasta fundar, þá hafi þessi fundur engin áhrif og staðan verði áfram óbreytt. Stjórnin hafi lagt það til að þessi fundur gæti skoðast sem framhaldsaðalfundur. Það sé ekki óalgengt í hlutafélögum. Fundurinn sé byggður á því að lögin taki ekki á þessu vandamáli sem hafi skapast. Þess vegna þurfi að rýna í lögin.

Félagið þurfi að geta stjórnað sér á milli aðalfunda. Hér hafi verið ákveðið að halda ekki aukaaðalfund. Því verði farið í atkvæðagreiðslu um það sem fram hafi farið á aðalfundi, eins og stjórn vildi að væri byrjunarpunktur. Þessi fundur hafi verið haldinn til þess að koma í veg fyrir að stjórn sæti að öllu leyti án umboðs félagsmanna. Annars þyrfti að kalla saman stjórnina frá 2015-16 og boða til aukaaðalfundar.

Sigurbjörg:

Segir að síðast hafi verið utankjörfundaratkvæði. Ekkert sé í lögum sem leyfi það. Spyr hvort þau atkvæði séu ekki ógild.

Fundarstjóri:

Segir þau atkvæði hafa verið ógild, allur fundurinn hafi verið ógildur. Þessi fundur í dag hafi æðsta vald milli aðalfunda.

Sigurbjörg:

Spyr hvort félagar verði aðalfundarlausir fram á næsta ár. Spyr hvort fólk sé ekki að hugsa málin til enda. Burtséð frá BDSM þá sé ekkert óeðlilegt við það að halda annan aðalfund.

Hilmar:

Segir stöðuna snúna. Sigurbjörg hafi nokkuð til sín máls. Þetta þurfi ekki að snúast um BDSM. Mögulega megi boða til nýs aðalfundar, kalla aftur eftir framboðum, endurtaka atkvæðagreiðslu o.s.frv., hjálpi það til að skapa sátt. Segist farinn að hallast á það að halda annan aðalfund.

Margrét:

Segir aðalfundinn hafa verið ólöglegan. Það að taka eitthvað úr ólöglegum fundi og ætla að fara að kjósa um einhvern 1 lið, það snúist um að það verði að hafa aðalfund. Þegar eitthvað komi upp á sé boðað til auka-aðalfundar í öllum félögum. Burtséð hvaða skoðun félagar hafi á félaginu sem þetta allt snúist um, BDSM. Samtökin '78 séu stolt og öflugt félag. Fullt af fólki sem hafi unnið öflugt starf í gegnum árin til að gera féлага svona öfluga og sýnilega. Það megi ekki klúðra formsatriðum. Félagsfundur geti ekki kosið um atriði af ólöglegum aðalfundi. Það verði að hafa löglegan aðalfund 2016.

Fundarstjóri:

Biður fólk um að stytta mál sitt og að hámarkið sé 1 mínúta.

Rúnar:

Kynnir sig og segist vera heyrnarskertur. Hann hafi ákveðið að koma því það sé boðað til fundarins í dag. Hann langi til að biðja um að fundurinn klári þetta í dag svo það verði ekki lengur þessi óreiða sem er búin að vera.

Sigurður Júlíus:

Tekur undir með Rúnari. Staðan sé óskaplega slæm. Aðalfundur hafi verið dæmdur ólöglegur þar sem það hafi staðið að það ætti að boða bréflega. Spyr hvort þá séu ekki allir aðalfundir síðustu 10 ára ólöglegir. Segir að félagar fái engan botn í þetta mál innan laga félagsins. Þetta sé máламиðlun. Félagið þurfi að loka þessu og halda áfram starfi samtakanna. Svo þurfi að setjast niður og fara yfir lögin svo þetta gerist ekki aftur.

Guðrún Sæborg:

Segist ætla að segja eitthvað sem engan langi að heyra: “Já við þurfum að halda aðalfund því að hann var ólöglegur, og þetta tengist ekkert BDSM dótinu”. Þetta sé frasi sem hún hafi heyrt í dag, hún hafi heyrt hann á síðasta fundi, hún hafi heyrt hann á netinu, hún hafi heyrt hann allsstaðar. Þetta sé fokking kjaftæði. Félagið hafi farið í gegnum 10 ár af aðalfundum, enginn segi neitt, þessi umsókn hafi komið og þá sé sagt “þessi aðalfundur er ólöglegur”. Það sé ekki hægt að reyna að láta fólk halda að þetta snúist bara um þetta. Þetta sé pólitík. Verið sé að nota þetta tækniatriði sem vopn í þeirri pólitík.

Svanfríður:

Vill minna á að aðgát skuli höfð í nærveru sálar og kurteisi viðhöfð í ræðustól. Vill benda á að þessi fundur hér, sé næstæðsta vald félagsins. Aðalfundur gefi félögum tíma til að hugsa málin. Það þurfi löglegan vettvang til að stjórn geti starfað. Segist vilja opna lögin. Spyr hvort hinn naumi meirihluti vilji kljúfa félagið.

Álfur Birkir:

Segir að fólk hefi bent á að það væri ekki hægt að vera án aðalfundar í ár. Spyr hvort ekkert annað félag hafi staðfest að einhver aðalfundur hafi verið nógu góður. Spyr hvort eina leiðin sé að halda aukaaðalfund eða hvort fordæmi séu fyrir því að samþykkja fund.

Fundarstjóri:

Segist hafa gert stjórninni grein fyrir því að það hefðu verið nokkrir möguleikar í stöðunni og að stjórnin hefði þurft að velja úr þeim.

Margrét Pála og Matthías leggja fram frávísunartillögu:

“Legg til frávísun á tillögu stjórnar um ákvarðanir aðalfundar enda var hann ekki löglega boðaður.”

Fundarstjóri óskar eftir því að sú sem lagði fram frávísunartillöguna skýri hana nánar.

Margrét Pála:

Segist vilja fá skýra atkvæðagreiðslu. Segir að hún og fjöldi fólks séu ekki hingað komin til að ræða einstaka þætti frá þessum aðalfundi sem ekki hafi verið löglega til boðað. Segist leggja til frávísun frá allri þessari umræðu. Þá tillögu þurfi strax að taka fyrir.

Fundarstjóri óskar eftir því að meðmælandi frávísunartillögunnar gerði grein fyrir máli sínu.

Matthías:

Kynnir sig einnig sem fyrrverandi formann Samtakanna '78. Hann hafi verið að fylgjast með umræðum og þeim tilfinningum sem virðist til staðar. Hreinlegast sé og aðgengilegast fyrir félaga í Samtökunum '78 að fá umþóttunarfrest og fá hreinni línur um lögmæti þess sem þeir séu að gera með því að halda annan aðalfund. Þetta sé til að skapa meiri sátt í félaginu sem sé mikilvægara en margt annað.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður um frávísunartillöguna.

Sigurður Gunnarsson:

Spyr hvað gerist verði þessi frávísun samþykkt. Mikil ábyrgð hvíli á herðum allra fundargesta. Þetta sé algjör farsí.

Fundarstjóri:

Segir að verði frávísun samþykkt sé staðan sú sama og þegar stjórn sendi út tilkynningu um að aðalfundurinn hefði verið ólöglegur. Þá væru félagar komnir mánuð aftur í tímann.

Sigríður:

Segir að það sé ljótt að blóta og líka ljótt að hóta. Spyr hvort ekki hafi verið skýrt að það ætti að kjósa um þetta í dag. Segir að sér sýnist á öllu að báðir kostirnir séu jafn ólöglegir. Það þurfi að finna út úr því hvað félagarnir eigi að gera í staðinn. Spyr hvort það eigi bara að kjósa um þetta þangað til að niðurstaðan verði já.

Jón:

Segir að margoft hafi verið sagt að þetta hafi verið ólöglegt. Fundurinn ætli að fara að taka afstöðu til ákvarðana sem að ólöglegur aðalfundur hafi tekið. Þar hafi verið utankjörfundaratkvæði sem og atkvæði með umboði. Spyr hvernig niðurstaða þess fundar sé þegar litið sé framhjá þeim atkvæðum.

Daníel:

Spyr hvort fundurinn hafi ekki verið búinn að kjósa um það áðan að halda ekki annan aðalfund á þessu ári. Spyr hvort sú tillaga hafi ekki verið bindandi.

Fundarstjóri:

Segir tillöguna hafa verið bindandi.

Gunnlaugur:

Segist sitja í kjörnefnd sem hafi tekið ákvörðun um utankjörfundaratkvæði og umboð. Utankjörfundaratkvæði hafi ekki breytt niðurstöðum neinna kosninga. Hann geti ekki fullyrt um atkvæði greidd með umboði en tiltölulega löng hefð sé fyrir þeim innan samtakanna.

Rúnar:

Spyr hvers vegna sé verið að tala um þessa fundi 10 ár aftur í tímann, að þeir hafi verið ólöglegir. Spyr hvort það sé tengt því hvernig til þeirra hafi verið boðað. Spyr hvers vegna ekki sé hægt að klára þetta mál. Segist bara ekki skilja þetta.

Fundarstjóri:

Segir lögmæti fundarins 2015 ekki hafa verið skoðað.

Matthías:

Segir að sem flutningsmaður tillögu vilji hann útskýra að hugmyndin hafi verið sú að vísa málinu aftur til stjórnar 2015.

3.4. Gengið til atkvæða um frávísunartillögu

Frávísunartillagan er felld með handauppréttingu:

Samþykki: 47
Á móti: 68

3.5. Gengið til atkvæða um þá tillögu að kjósa um samþykkt eða synjun þess sem fram fór á aðalfundi

Tillagan er samþykkt með handauppréttingu:

Samþykki: 86
Á móti: 26

3.6 Leynileg atkvæðagreiðsla um það sem fram fór á aðalfundi 5. mars 2016

Á fundinum fer fram leynileg atkvæðagreiðsla um samþykkt eða synjun eftirfarandi ákvarðana aðalfundar Samtakanna '78 þann 5. mars 2016:

- I. Staðfesting eða synjun reikninga fyrra árs
- ii. Staðfesting eða synjun kosningar aðalfundar til stjórnar
- iii. Staðfesting eða synjun kosningar aðalfundar til trúnaðarráðs
- iv. Staðfesting eða synjun kosningar til skoðunarmanna reikninga
- v. Staðfesting eða synjun á kosningu BDSM á Íslandi sem aðildarfélags Samtakanna '78
- vi. Staðfesting eða synjun á kosningu HIN - Hinsegin Norðurland sem aðildarfélags Samtakanna '78

Fundarstjóri leggur til að Gunnlaugur Bragi Björnsson taki við sem fundarstjóri.

Tillagan er samþykkt.

Gert er hlé á fundinum á meðan atkvæði fundarmanna eru talin.

Að lokinni talningu atkvæða er ljóst að niðurstöður atkvæðagreiðslu eru svohljóðandi:

- i. Áritaðir reikningar fyrra árs eru samþykktir
 - 105 samþykkir
 - 24 á móti
 - Enginn situr hjá
- ii. Kosning aðalfundar til stjórnar er samþykkt
 - 105 samþykkir
 - 24 á móti
 - Enginn situr hjá
- iii. Kosning aðalfundar til trúnaðarráðs er samþykkt
 - 105 samþykkir
 - 24 á móti
 - Enginn situr hjá
- iv. Kosning aðalfundar til skoðunarmanna reikninga er samþykkt
 - 105 samþykkir
 - 24 á móti
 - Enginn situr hjá
- v. Kosning um BDSM á Íslandi sem aðildarfélag Samtakanna '78 er samþykkt
 - 72 samþykkir
 - 56 á móti
 - 1 situr hjá
- vi. Kosning um HIN Hinsegin Norðurland sem aðildarfélag Samtakanna '78 er samþykkt
 - 107 samþykkir
 - 22 á móti
 - Enginn situr hjá

4. Önnur mál

Eftirfarandi taka til máls (sjá umræður fyrir neðan).

- Margrét Sigurðardóttir
- Hrafnhildur Gunnarsdóttir
- Sigríður
- Frosti
- Þórhildur
- Kitty Anderson
- Ásta Lovísa
- Hilmar Hildar Magnússon

Sigríður leggur fram eftirfarandi tillögu sem er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

„Félagsfundur hér í dag álykti að boða megi til aðalfundar með tölvupósti“

Margrét Sigurðardóttir:

Segist ekki vita hvort þetta hafi verið löglegt eða ekki. Telur þetta ekki löglegt. Það þurfi að athuga. Hún leggur til að stofnaður verði rýninn og glöggur hópur til að skoða lög félagsins, vald aðalfunda og félagsfund. Helst utanfélagsfólk sem sé vant aðalfundarstörfum og að stjórnna frjálsum félagasamtökum. Leggur til við stjórn að skipa slíkan hóp.

Margrét segist hafa farið inn á síðu Samtakanna '78 stuttu eftir síðasta aðalfund til að skoða hverjir væru með aðild að félaginu. Les upp af heimasíðu: "Hagsmunafélög og fulltrúar þeirra í trúnaðarráði 2016-2017. Þar er félag efst á blaði sem heitir "BDSB Ísland". Var það félag kosið inn á einhverjum fundi sem var ekki boðað til eða á félagsfund? Fyrir hvað stendur þetta félag? Hélt fyrst að það væri BSRB, sé hvergi BDSM félagið þarna inni. Ég skil ekki lengur hvert við erum að fara."

Páll Guðjónsson, tæknilegur vefstjóri:

Segir að eftir síðasta aðalfund hafi BDSM kosið inn sem aðildarfélag. Sem tæknilegur vefstjóri bætti ég inn hliðardálki án þess að vera beðinn um það, tók það síðan seinna út að eigin frumkvæði. Biðst velvirðingar á því að hafa sett stafsetningarvillu inn.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir:

Segist hugsi yfir því sem gerst hafi í dag. Telur þetta ekki góðan dag, þó svo að hún styðji BDSM félagið í því sem það sé að gera. Segist hafa tekið það að sér að tala fyrir hönd þeirra sem hafi talað gegn því að BDSM fái aðild að Samtökunum '78. Eins og síðasta vika hafi verið í pólitík þá sé þessi fundur líka skrípaleikur. Lýsir yfir vantrausti á stjórn félagsins, formann og lögsmæti þessa fundar. Segir vörumerki Samtakanna '78 muni skemmast og finnst það miður. Segist ekki ætla að segja sig úr samtökunum strax. Í dag hafi ekki náðst sátt, þessu máli muni ekki ljúka 1, 2 og 3.

Sigríður:

Leggur til að hægt verði að boða til aðalfunda með tölvupósti. Segist skilja að fólki finnist þetta sárt og að ef þetta hefði farið á hinn veginn væri hún sár líka [Framikall úr sal: "Þú ert ekki búin að vera í 40 ár í þessu!"]. Segir að nú séu félögin Trans Ísland, BDSM á Ísland í samtökunum en það séu engin sérstök félög fyrir þann fólk, tvíkynhneigða, homma og lesbíur, sem séu með sér fókus á málefni þessara hópa. Leggur til að í Samtökunum '78 verði valin 1 forystumanneskja úr hverjum hópi, til að koma með málefni til að berjast fyrir. Einn hommi, ein lesbía, ein trans, einn þann, einn asexual, o.s.frv., því það séu ýmis mál sem þurfi að ræða. Það megi ekki ýta hommum og lesbíum til hliðar og bara fókusa á BDSM. BDSM berjast sjálf fyrir sínum málum. Það sé mikilvægt að einhver taki á þessum málum, í samvinnu við stjórnina.

Magnús Hákonarson, formaður BDSM á Íslandi:

Segir þetta búinn að vera heljarinnar rússibana. Það séu 3 ár síðan félagið hafi byrjað að tala við samtökin. Í fyrra hafi félagið dregið umsóknina til baka þar sem stjórn samtakanna hafi talið að málið þyrfti meiri kynningu, sem hann telur alveg rétt. Fólk hafi notað síðasta ár til að kynna félagið, haldið nokkra kynningarfundum og verið með kynningarefni. Félagar hafi mætt alls staðar þangað sem þeir hafi verið beðnir um að mæta. Vissulega hafi þau heyrt að einhverjir væru á móti en í flestum tilfellum þá hafi þau náð að sannfæra fólk um að fólk ætti samleið.

Hann segir að ef hann hefði vitað í upphafi hversu mikil læti þetta mál myndi skapa, þá hefðu þau dregið umsóknina til baka. Hann segir að hann hafi engan áhuga á að skemma samtökin eða kljúfa þau. Það sé nefnilega stutt síðan að fólk hafi farið að horfa á BDSM sem hneigð og ca. 15 ár síðan að hann hafi farið að grínast með það að hann væri BDSM hneigður en þá hafi ekkert svoleiðis verið til. Svo hafi hann farið að sjá það að þetta hefði fylgt honum frá barnæsku. Hann hefði gengið í gegnum allskonar í gegnum tíðina sem hefði sannfært hann um það. Hann segir rannsóknir á kynhneigðum almennt hafa verið að breytast á síðustu árum. Gagnkynhneigð, samkynhneigð og tvíkynhneigð sem séu eins og náttúrulögmál í augum margra séu ekki eins fastar og virðist.

Magnús segir þessi félög eiga miklu fleira sameiginlegt í sínu starfi heldur en ekki. Fólk verði að gera greinarmun á hneigð og hegðun þegar talað sé um BDSM. Sama gildi þegar talað sé um samkynhneigð, hún snúist ekki bara um það að hommar séu að stinga typpi upp í rassinn hvor á öðrum. Það geti verið til BDSM hneigt fólk sem hafi aldrei stundað BDSM. Eins geti verið til gagnkynhneigðar manneskjur sem sofi hjá manneskjum af sama kyni, en upplifi sig ekki samkynhneigðar eða tvíkynhneigðar.

Snertifletirnir séu svo margir milli þessa félaga. Spyr hvort fólk viti hvað það séu margir innan Samtakanna '78 sem séu í skápnum með BDSM hneigðina sína. Spyr hvort fólk viti hversu margir þori ekki fyrir sitt litla líf að opna fyrir þennan hluta af sjálfu sér hérna á Íslandi. Fólk fari erlendis til að opna sig. Spyr af hverju skáparnir þurfi að vera margir.

Hann segist alveg til í að leggja eins mikið á sig og hann geti til að sátt náist um þetta því það sé hagur hinsegin samfélagsins að standa saman. Það sé gríðarlegur styrkur sem felist í því. Um leið og fólk fari að hafa hinsegin flóruna í mörgum litlum grúppum þá fari það að missa slagkraftinn. Fólk verði eins og það getur að standa saman og vinna saman.

Hvetur fólk til að spyrja sem flestra spurninga. Segir að það sé fullt sem BDSM á Íslandi geti kynnt fyrir félögum í samtökunum. Þau séu ofsalega skammt á veg komin. Það séu innan við 10 manns sem hafi þorað að koma í fjölmíðla og tala um BDSM á Íslandi á undanförunum 20 árum. Að þau eigi mjög langt í land.

Frosti Jónsson:

Segist líklega vera síðasti löglega kjörni formaður Samtakanna '78, það hafi verið boðað bréflaga til þess fundar í janúar 2008, svo hann ráði þessu líklega öllu saman. Hann segir að hann hefði viljað taka þennan aðalfund aftur. Hann sé búinn að vera á kafi í samtakavafstri lengi, hafi verið viðloðandi stjórn í 4 ár. Hann þekki þessa umræðu um aðild töluvert vel. Hann hafi víðað að sér upplýsingum um þetta mál. Það sé einhverskonar lýðræði í gangi, fundur gangi til atkvæða og það komi einhver niðurstaða í það. Mjög skemmtilegur fundur í dag. Það liggi fyrir niðurstaða, hún sé ekki eins og hann hefði óskað, þar sem hann telji að samtökin séu ekki tilbúin fyrir BDSM og BDSM ekki tilbúið fyrir samtökin, en það skipti ekki máli.

Hinsvegar hefði verið mjög löng hefð í Samtökunum '78 fyrir því að ræða hlutina mjög lengi og ítarlega og það hefðu félagar alltaf gert. Það geti mjög vel verið að á einhverjum tímapunkti að þá eigi hóparnir samleið eins og formaður BDSM hafi verið að tala um áðan, en félögin séu ekki komin á þann stað núna. Það sé hugmyndafræðilegur klofningur í gangi innan félagsins. Það þurfi að ná utan um þann klofning með upplýsandi umræðu í stað þess að vera með hróp

og köll og stilla fólki upp við vegg og búa til skotgrafir. Það hafi verið sorglega sjokkerandi umræða á facebook umræðuvettvangi samtakanna. Félagar þurfi að hefja sig upp fyrir slíkt og þora að taka umræðu. Hann segist viss um að það leiði til einhvers góðs, mögulega að BDSM verði aðili að samtökunum í sátt allra.

Eins og staðan sé núna sé of mikill hugmyndafræðilegur ágreiningur um það sem samtökin standi fyrir, hvað það sé að vera hinsegin og hvað ekki. Hann hafi kynnt sér umræður á vettvangi BDSM og þar virðist vera lifandi umræður og ekki allir sammála þar, hvaða pól menn taki þar. Hann sé að vísa meira til umræðu sem hann hafi séð erlendis frá.

Gagnrýni hans á aðalfundinn í mars sé að það hafi aldrei gerst áður að gengið sé til atkvæða um mál án umræðu. Þegar hann hafi verið í stjórn hafi þau verið óhrædd við að fara í þessar umræður og reyna að upplýsa alla félagsmenn sem höfðu áhuga á að kynna sér það hvað væri í gangi. Það hafi t.d. leitt til lagabreytinga 2007 þegar Trans Ísland hafi verið tekið undir hatt Samtakanna '78. Mikil og góð umræða hafi átt sér stað áður en það gerðist og mjög upplýsandi, ekki bara fyrir félagaheldur fyrir þjóðfélagið allt. Það sé aðdúnarvert að sjá hve trans fólk hafi náð miklum árangri að opna þá umræðu.

BDSM á Íslandi sé að stíga sín fyrstu skref í þá áttina og það sé mjög langt í land. Samtökin '78 geti hjálpað en að fólk þurfi að eiga umræðu svo það sitji ekki upp með klofið félag.

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir:

Kynnir sig sem ungliða, jafningjafræðara og varaformann trúnaðarráðs. Hún sé mögulega yngsti kjósendinn í dag, 15 ára. Hún hafi tekið eftir því í umræðunni að það séu aldursfordómar í gangi. Hún vill minna á að þó fólk hafi verið lengur í þessu samfélagi þá sé það sem yngra fólkið hafi að segja alveg jafn "valid". Félagar eigi allir jafnan rétt á að vera hérna, öll atkvæðin gildi jafn mikið, hvort sem fólk hafi verið í 50 ár eða 2 ár. Segir að kannski sé fólkið sem hefði mest þurft að heyra þetta þegar búið að yfirgefa fundinn.

Kitty Anderson:

Segist tala hér sem formaður Intersex Ísland. Segist sammála Frosta, skotgrafahernaður sé frá báðum hliðum. Frá annarri hliðinni hafi verið mikil áhersla á að það sé verið að hleypa gagnkynhneigðum inn í félagið. Gagnkynhneigðir hafi verið inni í félaginu frá því að Intersex og Trans Ísland hafi komið inn í félagið. Það að heyra það endurtekið að gagnkynhneigt fólk sé ekki velkomið hér sé útilokandi fyrir þessa hópa. Það hafi einnig komið fram nokkrum sinnum að aldrei áður hafi farið fram aðalfundur þar sem það hafi verið kosning um eitthvað án þess að umræða færi fyrst fram. Intersex Ísland hafi hins vegar verið samþykkt inn á aðalfundi 2015 með öllum greiddum atkvæðum án umræðu. Hún segist vonast til þess að þau í stjórninni geti tæklað þessa stöðu, þróað starfið svo að allir félagsmenn séu sáttir. Hinsegin samfélagið hafi ekki verið bara samfélag samkynhneigðra í langan tíma.

Ásta Lovísa:

Kynnir sig sem meðstjórnanda hjá Landssambandi æskulýðsfélaga og segist taka undir með Þórhildi. Athugasemdirnar sem hér hafi fallið um niðurstöður kosninganna, að fólk viti ekki hvað það hafi verið að kjósa um, séu athugasemdir sem hún hafi heyrt endalast þegar komi að því að tækla vandamálið að reyna að fá ungt fólk til að kjósa. Það að ungt fólk hafi hætt að kjósa hafi ekki gerst allt í einu, það hafi ekki verið eins og snjóflóð. Það hafi endurtekið verið ýtt á ungt fólk og litið niður á það, þangað til að það hafi orðið óvirkt í lýðræðinu.

Það að hafa þvílíka orðræðu um ungt fólk áfram, þegar kosningar fari manni ekki í vil, sé ekki samþykkanlegt. Félagar séu hér annað hvort allir saman komin á jafningjagrundvelli eða að þeir séu ekki hér saman komnir. Öll hafi sama atkvæðisrétt. Hún hvetur fólk til að hætta að líta niður á aðra og líta svo á að jafningjavirðing sé eitthvað sem það geti gefið öðrum. Hún sé ekki hingað komin til að biðja um virðingu heldur krefjast virðingar á jafningjagrundvelli.

Hilmar:

Segir að það sé komin ákveðin niðurstaða í þennan fund í dag. Hún sé ekki öllum að skapi. Ekkert sem hann geti sagt núna til að sætta einhver sjónarmið. Segir stjórn hingað til hafa reynt að vanda sig og muni halda því áfram. Hann hafi tekið persónuleg samtöl við fólk sem hafi krafist aðalfundar og verið með ýmsar ábendingar um lög félagsins og framgangsmáta. Hann hafi reynt að teygja sig út til fólksins og hlusta. Það sé nú svo að engar ákvarðanir séu yfir vafa hafnar. Maður þurfi að standa og falla með því sem maður geri.

Stjórnin hafi vitað það þegar farið hafi verið í þennan fund í dag að það yrði alltaf fólk sem færi héðan ósátt út. Hann segist vera hryggur í hjarta sínu vegna þess að það sé erfitt að horfa á félagið sitt fara í gegnum svona illindi og deilur og vera sá sem standi vaktina. Vantrausti hafi verið lýst hér í dag á hann og stjórnina. Hann segist myndu stíga til hliðar, væri slíkt talið leysa málin. Ef það yrði til þess að slá á einhverja óánægju. Hann segir að séu hlutirnir farnir að þróast þannig að hann sé farinn að flækjast fyrir þá sé best að hverfa af vettvangi.

Hann segir málið vandasamt. Hann segir það oft hafa gerst í þessu ferli að hann hafi langað til að segja af sér embætti en þá hafi það alltaf komið upp að hann hafi tekið þetta að sér og að hann geti ekki brugðist því fólki sem að treysti honum fyrir þessu verkefni. Hann geti ekki hlaupið frá því. Segir að sér þyki í fyllstu einlægni vænt um allt þetta félagsfólk sem sé hérna. Stjórnin muni setjast yfir málin og hugsa sinn gang. Hún muni eftir sem áður reyna að viðhafa umræður og upplýsingu og gera sitt til að lægja öldur. Þetta sé verkefni hans næstu klukkutímuna og dagana og hann fari heim með það veganesti. Þetta sé fordæmalaus staða og hann hafi ekki öll svörin. Hann sé bara mannlegur en reyni sitt besta til að finna svörin.

Hilmar þakkar kærlega fyrir fundinn og segist vonast til að félögum takist að gera sitt besta fyrir félagið og hinsegin samfélagið í heild sinni. Að þeir geti haldið áfram að þróa það og þroska, þannig að barátta hinsegin fólks verði ekki eins og það sem sé að gerast við Austurvöll núna.

5. Fundarslit

Fundarstjóri segir fundinum slitið kl. 17:18.

Reykjavík, 9. apríl 2016

Björg Valgeirsdóttir hdl. og Gunnlaugur Bragi Björnsson

Ásta Ósk Hlöðversdóttir